Fimmtudaginn 10. október 1996.

Nr. 262/1995. **Bárður Ragnarsson**
(Kjartan Ragnars hrl.)
gegn
Þóreyju Jónsdóttur
(Árni Grétar Finnsson hrl.)

Skaðabætur. Vextir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson og Eiríkur Tómasson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 28. júlí 1995. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefndu, en til vara, að sér verði aðeins gert að greiða stefndu nánar tilgreinda vexti samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 2. apríl 1991. Í báðum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en þó þannig, að sér verði dæmdir nánar tilteknir vextir samkvæmt 5. gr. vaxtalaga frá 2. apríl 1991 til 10. janúar 1994, en dráttarvextir samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnda málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Málið á rætur að rekja til þess, að áfrýjandi tók á tímabilinu frá 20. mars 1991 til 20. maí 1994 við greiðslum, að fjárhæð samtals 1.692.962,50 krónum, frá Sameinuðum verktökum hf. og Dverghömrum sf. Var þar annars vegar um greiðslu að ræða á arði frá báðum félögum og hins vegar útborgun vegna lækkunar hlutafjár í fyrrgreinda félaginu. Greiðslur þessar voru inntar af hendi vegna eignarhluta í félögunum, sem féll að arfi til stefndu við skipti á dánarbúi Ragnars Bárðarsonar, en þeim var lokið 23. nóvember 1984.

Í héraðsdómsstefnu krafðist stefnda meðal annars greiðslu úr hendi áfrýjanda á framangreindri fjárhæð með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga af því samanlögðu fé á hverjum tíma, sem áfrýjandi hafði fengið á þennan hátt frá Sameinuðum verktökum hf. og Dverghömrum sf. Reisti stefnda málsóknina að þessu

leyti á því, að áfrýjandi hefði tekið við þessum fjármunum, sem hún átti með réttu. Með dómsátt, sem var gerð 7. apríl 1995 og greint er frá í héraðsdómi, skuldbatt áfrýjandi sig til að endurgreiða fjárhæðina Sameinuðum verktökum hf., og luku aðilar þar með ágreiningi um þann þátt málsins. Áður hafði stefnda fallið frá öðrum tilteknum stefnukröfum með bókun, sem var lögð fram í héraði 8. mars 1995. Stóð þá aðeins eftir í málinu krafa stefndu um vexti úr hendi áfrýjanda svo og kröfur beggja um málskostnað. Voru þessar kröfur einar til úrlausnar í hinum áfrýjaða dómi.

II.

Með héraðsdómi var áfrýjandi dæmdur til að greiða stefndu vexti samkvæmt 5. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 af breytilegum höfuðstól upphaflegrar dómkröfu hennar á tímabilinu frá 2. apríl 1991 til 10. janúar 1994, en dráttarvexti af heildarfjárhæðinni frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar.

Áfrýjandi heldur því fram, að við dómsuppsögu hafi þessir tildæmdu vextir numið 719.141 krónu, og er því ekki mótmælt af stefndu. Má fallast á, að samkvæmt áfrýjunarstefnu sé þetta höfuðstóll kröfu í þeim skilningi, sem um ræðir í 2. mgr. 152. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 6. gr. laga nr. 38/1994. Verður því talið fullnægt áskilnaði 1. mgr. sömu greinar um áfrýjunarfjárhæð.

III.

Samkvæmt bréfi lögmanns Sameinaðra verktaka hf. 17. janúar 1995 voru hlutabréf í eigu dánarbús Ragnars Bárðarsonar skráð á nafn þess í hlutaskrá félagsins frá 1984 til 1986, en um tveggja ára skeið eftir það var greint frá nafni áfrýjanda í skránni sem umboðsmanns dánarbúsins. Árið 1988 hafi sum hlutabréfanna hins vegar verið færð á nafn áfrýjanda fyrir mistök, og hafi hlutaskráin staðið þannig til ársins 1994, þegar henni var breytt að kröfu lögmanns stefndu. Þá verður ráðið af bréfi framkvæmdastjóra Dverghamra sf. 23. júní 1994, að áfrýjandi hafi af félagsins hálfu verið talinn eigandi að þeim hlut í því, sem tilheyrir stefndu, en um ástæður þess er ekkert upplýst.

Í héraðsdómsstefnu kveður stefnda áfrýjanda hafa á tímabilinu frá 1984, þegar skiptum var lokið á dánarbúi Ragnars Bárðarsonar,

og fram til ársins 1991 tekið við greiðslum vegna eignarhlutanna í Sameinuðum verktökum hf. og Dverghömrum sf., sem málið varðar, og síðan innt af hendi féð til hennar. Áfrýjandi hefur ekki mótmælt þessari staðhæfingu. Þegar þess er gætt, verður ekki talið, að það hafi getað dulist fyrir áfrýjanda eftir þann tíma, að stefnda átti eignarhlutana í þessum félögum með réttu, þótt hann hafi tekið áfram við greiðslum frá félögunum og á einhverju stigi verið skráður fyrir hlutunum hjá þeim, að ætla megi vegna mistaka. Hefur áfrýjandi því með viðtöku fjárins og vanrækslu um að koma því í réttar hendur bakað stefndu tjón, sem honum ber að greiða bætur fyrir eftir almennu skaðabótareglunni.

Samkvæmt framangreindu eru ekki efni til að fallast á þá málsástæðu áfrýjanda fyrir sýknukröfu, að stefnda geti ekki réttilega beint kröfu um vexti að sér. Við ákvörðun vaxta verður hins vegar að taka mið af því, að höfuðstól upphaflegrar greiðslukröfu stefndu verður að skoða sem skaðabótakröfu. Verður því að ákveða vexti samkvæmt 7. gr. vaxtalaga fyrir tímabilið frá 2. apríl 1991 til 10. janúar 1994, þegar mánuður var liðinn, frá því að stefnda krafði áfrýjanda fyrst um greiðslu, en dráttarvexti samkvæmt III. kafla laganna upp frá því til greiðsludags, allt eins og nánar er ákveðið í dómsorði. Eru ekki efni til að mæla sérstaklega fyrir um rétt stefndu til að leggja áfallna vexti árlega við höfuðstól við útreikning vaxta, þar sem sá réttur felst sjálfkrafa í tilvitnuðum lagaákvæðum, sbr. meðal annars dóm Hæstaréttar 22. janúar 1996 í máli nr. 412/1995.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað skal vera óraskað, en rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Bárður Ragnarsson, greiði stefndu, Þóreyju Jónsdóttur, ársvexti sem hér segir: af 109.610 krónum 4,7% frá 2. apríl 1991 til 1. júní sama ár, 5,8% frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 6,3% frá þeim degi til 1. október sama ár, 5,6% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 3,9% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 3,8% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 3,7% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 3,4% frá þeim degi til 1. desember sama ár og 2,8% frá þeim degi til 13. desember

sama ár, af 126.270 krónum 2,8% frá 13. desember 1991 til 21. sama mánaðar og 2,6% frá þeim degi til 20. janúar 1992, af 1.116.270 krónum 2,6% frá 20. janúar 1992 til 1. febrúar sama ár, 2,1% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 1,8% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 1,6% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 1,5% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 1,1% frá þeim degi til 1. maí sama ár og 1% frá þeim degi til 1. júní sama ár, af 1.126.980 krónum 1% frá 1. júní 1992 til 1. ágúst sama ár og 0,9% frá þeim degi til 5. sama mánaðar, af 1.178.130 krónum 0,9% frá 5. ágúst 1992 til 1. janúar 1993, 1,3% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 1,2% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 1,1% frá þeim degi til 11. febrúar sama ár, 1% frá þeim degi til 21. mars sama ár, 0,9% frá þeim degi til 1. apríl sama ár og 0,8% frá þeim degi til 19. maí sama ár, af 1.435.550 krónum 0,8% frá 19. maí 1993 til 11. ágúst sama ár, 0,9% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 0,8% frá þeim degi til 11. sama mánaðar og 0,5% frá þeim degi til 10. janúar 1994.

Áfrýjandi greiði stefndu dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 1.435.550 krónum frá 10. janúar 1994 til 24. febrúar sama ár, af 1.681.070 krónum frá þeim degi til 20. maí sama ár og af 1.692.962,50 krónum frá þeim degi til 7. apríl 1995.

Áfallnir vextir samkvæmt framansögðu leggjast við höfuðstól skuldar á tólf mánaða fresti, en af fjárhæð vaxta þannig reiknaðri 7. apríl 1995 greiði áfrýjandi dráttarvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað skal vera óraskað.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 4. maí 1995.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 7. apríl 1995 um ágreining aðila um vexti og málskostnað að gjörðri sátt um greiðslu stefnda á höfuðstól fjárkröfu í stefnu óbreyttum, hefur Árni Grétar Finnsson hrl., Hafnarfirði, kt. 030834-3139, höfðað fyrir hönd Þóreyjar Jónsdóttur, 1459 South Laredo Street, Aurora, Kólorado 80017, Bandaríkjunum, höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjaness á hendur Bárði Ragnarssyni framkvæmdastjóra, kt. 200638-3369, Norðurbraut 35 a, Hafnarfirði, með stefnu, birtri 21. júlí 1994.

Endanleg dómkrafa stefnanda er sú, að stefnda verði gert að greiða vexti og málskostnað í samræmi við upphaflegar stefnukröfur.

Endanleg dómkrafa stefnda er sú aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að þær verði lækkaðar stórlega. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Fjárkröfur í stefnu voru þær, að stefndi, Bárður Ragnarsson, yrði dæmdur til þess að greiða stefnanda 1.692.962,50 kr. auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 109.610,00 kr. frá 2. 4. 1991 til 13. 12. 1991, af 126.270,00 kr. frá þeim degi til 20. 1. 1992, af 1.116.270,00 kr. frá þeim degi til 1. 6. 1992, af 1.126.980,00 kr. frá þeim degi til 5. 8. 1992, af 1.178.130,00 kr. frá þeim degi til 19. 5. 1993, af 1.435.550,00 kr. frá þeim degi til 24. 2. 1994, af 1.681.070,00 kr. frá þeim degi til 20. 5. 1994 og af 1.692.962,50 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Þá var þess krafist, sbr. 12. gr. vaxtalaga, að dráttarvextir reiknuðust af samanlögðum höfuðstól og áföllnum dráttarvöxtum þannig, að dráttarvextir legðust á tólf mánaða fresti við þann hluta höfuðstóls skuldarinnar, sem stefndi hefði þá fengið fyrir tólf mánuðum eða meira, það er í fyrsta sinn ofan á 109.610,00 kr. höfuðstól 1. 6. 1992, á 126.270,00 kr. höfuðstól 1. 6. 1993, á 1.125.980,00 kr. höfuðstól 1. 6. 1994 og síðan á allan höfuðstól skuldarinnar, 1.692.962,50 kr., árlega þann dag, þar til skuldin væri að fullu greidd, og yrðu dráttarvextir í hvert framangreint skipti reiknaðir af samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og áfallinna dráttarvaxta.

Þá var þess krafist, að stefndi yrði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu auk virðisaukaskatts af málskostnaði, og bæri málskostnaður dráttarvexti frá því 15 dögum eftir dómsuppsögu.

Þess skal getið, að í stefnu var einnig krafist afhendingar á tilteknum hlutabréfum og verðbréfum að viðlögðum dagsektum, en fallið var frá þeim kröfuliðum í rekstri málsins, þegar umrædd skjöl komu í leitirnar, svo sem síðar verður greint.

Af hálfu stefnda var aðallega krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda,

en til vara stórlegrar lækkunar. Í báðum tilvikum var krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

II.

Dómsátt sú, er aðilar gerðu með sér 7. þ. m., hljóðar svo:

„Stefnandi, Þórey Jónsdóttir, og stefndi, Bárður Ragnarsson, gera hér með í héraðsdómsmáli Reykjaness nr. E-1077/1994 með sér eftirfarandi dómsátt:

Stefndi, Bárður Ragnarsson, lofar að greiða hina umstefndu fjárhæð, 1.692.962,50 kr. 21. apríl 1995, með peningum 1.042.906,50 kr. og með víxli 7. júlí 1995 650.056,00 kr. Víxillinn verði samþykktur af stefnda, en út gefinn og ábektur af eiginkonu stefnda, Kristjönu Össurardóttur.

Stefndi innir greiðslurnar af hendi til Péturs Guðmundarsonar hrl., lögmanns Sameinaðra verktaka hf., á skrifstofu hans, Suðurlandsbraut 4 a, Reykjavík, en hann mun síðan greiða stefnanda. Verði greiðsla þessi ekki innt af hendi á umsömdum gjalddaga 21. apríl 1995, telst öll skuldin samkvæmt dómsáttinni í gjalddaga fallin, og má stefnandi þá láta fara fram fjárnám hjá stefnda til tryggingar greiðslu hennar.

Málsaðilar eru sammála um, að dómari úrskurði um vaxta- og málskostnaðarkröfur.

Með dómsátt þessari ganga til baka arðgreiðslur og hlutafjárlækkun Sameinaðra verktaka hf., sem greiddar voru Bárði Ragnarssyni vegna Þóreyjar Jónsdóttur á árunum 1991-1994 vegna áranna 1990-1993."

III.

Stefnufjárhæð í máli þessu er sú fjárhæð, sem erfingi í dánarbúi, stefnandi Þórey, telur meðerfingja sinn, stefnda Bárð, hafa ranglega lagt undir sig með því að taka við og skila ekki arðgreiðslum frá Dverghömrum sf. og arðgreiðslum og greiðslum vegna lækkunar hlutafjár frá Sameinuðum verktökum hf. á árunum 1991-1994.

Arfláti, Bárður Ragnarsson, er andaðist 8. október 1984, hafði átt þrjú börn:

1. Sonur, stefndi Bárður, fékk arfshluta sinn að fullu greiddan með hlutabréfum í Þakpappaverksmiðjunni hf.
2. Dóttir, Ásrún, kemur ekki við sögu í máli þessu.
3. Dóttir, Margrét, lést á undan föður sínum, móðir stefnanda í máli þessu, Þóreyjar Jónsdóttur. Erfingi bróður hennar rekur mál samhliða máli þessu.

Við skiptin fór Árni G. Finnsson hrl. með umboð vegna barna hinnar látnu dóttur Margrétar, en Benedikt Sveinsson hrl. vegna dótturinnar Ás-

rúnar. Ekki liggur fyrir hvort hann mætti einnig með syninum Bárði, stefnda í máli þessu, er gengið var frá skiptagerð 23. 11. 1994. Að skiptum loknum varðveitti lögmaðurinn Benedikt hlutabréf þau í Sameinuðum verktökum hf., sem við sögu koma í máli þessu. Til ársins 1990 veitti hann arðgreiðslum af þeim viðtöku og framsendi Árna G. Finnssyni hrl. hlut umbjóðenda hans, sem hann stóð þeim síðan skil á.

Árið 1990 var nafn stefnda, Bárðar Ragnarssonar, skráð í hluthafaskrá Sameinaðra verktaka hf. í stað nafns látins föður hans sem eiganda umræddra bréfa, án þess að hann framvísaði umræddum hlutabréfum eða sýndi fram á, að hann hefði fengið þau framseld. Síðan hefur hann veitt viðtöku arðgreiðslum af bréfunum og greiðslum vegna lækkunar hlutafjár. Eru það hinar umstefndu fjárhæðir ásamt arðgreiðslum frá Dverghömrum sf.

Árið 1992 sendi stefndi, Bárður, lögmanni stefnanda skriflegt tilboð í hlutabréfin. Því var hafnað, og samningur um sölu þeirra tókst eigi með aðilum.

IV.

Í stefnu er málavöxtum nánar lýst svo:

„Með skiptagerð, dags. 8. nóvember 1984, sem áritуð var af skiptaráðandanum í Hafnarfirði, ásamt erfðafjárskýrslu 23. nóvember 1984 lauk skiptum í dánarbúi Ragnars Bárðarsonar, síðast til heimilis að Hrafnistu, Hafnarfirði. Ragnar lést 8. október 1984, og hafði hann setið í óskiptu búi eftir eiginkonu sína, Sigríði Runólfsdóttur, sem lést 21. maí 1967.

Erfingjar búsins voru börn hinna látnu hjóna, stefnda í þessu máli, Bárðar Ragnarssonar, og Ásrúnar Ragnarsdóttur, og dótturbörn þeirra, Ragnar Þ. Jónsson og stefnandi, Þórey Jónsdóttir, bæði búsett í Bandaríkjunum á þeim tíma, en móðir þeirra, Margrét, lést 1962. Stefndi, Bárður Ragnarsson, hafði áður fengið í fyrir fram greiddan arf öll hlutabréf, sem dánarbúið átti í Þakpappaverksmiðjunni hf., og gerði hann enga frekari kröfu til arfs, sbr. yfirlýsingu hans frá 8. ágúst 1983.

Í arfshluta stefnanda, Þóreyjar R. Jónsdóttur, komu m. a. eftirtalin hlutabréf, verðbréf og eignarhluti:

Hf. Eimskipafélag Íslands	kr.	300,00
Sameinaðir verktakar hf.	kr.	35.200,00
Dverghamrar sf.	kr.	3,00
Spariskírt. ríkissjóðs	kr.	6.688,75

Eftir skiptalok 1984 þróuðust mál þannig, að stefndi hélt áfram að geyma framangreind bréf. Tók hann jafnframt við arðgreiðslum og öðrum greiðsl-

um þeirra vegna, en kom síðan greiðslum, sem bárust frá Sameinuðum verktökum og Dverghömrum, til undirritaðs lögmanns stefnanda allt fram til ársins 1990. Sendi lögmaðurinn þær síðan föður stefnanda fyrir hennar hönd. Síðustu greiðsluna lagði stefndi inn á reikning undirritaðs lögmanns 25. júlí 1990, 329.293,00 kr. Sundurliðast sú greiðsla þannig: frá Sameinuðum verktökum: arður 99.000,00 kr. og vegna lækkunar hlutafjár 210.063,00 kr., frá Dverghömrum: arður 20.230,00 kr., samtals 329.293,00 kr.

Síðan hafa engar greiðslur frá stefnda borist stefnanda eða undirrituðum lögmanni hans. Fyrir liggja hins vegar skriflegar staðfestingar og önnur gögn bæði frá Sameinuðum verktökum og Dverghömrum um, að stefndi hefur á árunum 1991 til og með 1994 fengið í heild stefnufjárhæðina, 1.692.962,50 kr., frá þessum félögum vegna eignarhluta stefnanda í þeim og samsvarandi fjárhæð vegna arfshluta bróður hennar, Ragnars Þ. Jónssonar. Fjárhæðirnar, sem þessi félög hafa greitt stefnda á hverjum tíma vegna hlutabréfa og eignarhluta, sem stefnandi og bróðir hennar hlutu í arf, hafa ávallt verið greiddar með einni ávísun, svo að sú fjárhæð hefur átt að skiptast til helminga á milli systkina. Ávísanirnar hafa verið stílaðar á nafn stefnda, og hefur hann framselt þær og innleyst sjálfur.

Greiðslur frá Sameinuðum verktökum og Dverghömrum, sem stefndi hefur fengið á árunum 1991–1994 og ekki skilað, vegna umræddra hlutabréfa og eignarhluta, sem voru í arfi systkinanna, eru þessar:

Frá Sameinuðum verktökum:

Dags. tékka	Fjárhæð tékka		50% hlutur stefnanda		
27. 3. '91	kr.	102.300	kr.	51.150	(arður)
2. 4. '91	kr.	83.600	kr.	41.800	(lækkun hlutafjár)
20. 1. '92	kr.	1.980,000	kr.	990.000	(lækkun hlutafjár)
5. 8. '92	kr.	102.300	kr.	51.150	(arður)
5. 5. '93	kr.	491.040	kr.	245.520	(arður)
24. 2. '94	kr.	491.040	kr.	245.520	(arður)
Frá Dverghömrum:					
20. 3. '91	kr.	33.320	kr.	16.660	(arður)
13. 12. '91	kr.	33.320	kr.	16.660	(arður)
1. 6. '92	kr.	21.420	kr.	10.710	(arður)
19. 5. '93	kr.	23.800	kr.	11.900	(arður)
20. 5. '94	kr.	23.785	kr.	11.892,50	(arður)
Samtals	kr.	3.385.925	kr.	1.692.962,50	

Tekið skal fram, að Dverghamrar eru sameignarfélag og því ekki um nein sérstaklega út gefin bréf að ræða fyrir eignarheimildum í félaginu. Stefndi hefur ekki afhent hlutabréfin í Eimskipafélaginu, ekki heldur spariskírteinin, og er því afhendingar þeirra krafist eða jafnvirðis þeirra í peningum miðað við gengi þeirra í árslok 1993.

Bróðir stefnanda, Ragnar, lést 22. nóvember 1986, og erfði faðir hans, Jón Jónsson, hann. Mun hann höfða sérmál á hendur stefnda til heimtu hliðstæðra krafna og gerðar eru í þessu máli.

Sökum náins skyldleika stefnda við stefnanda hefur honum lengst af verið treyst í þessu máli. Nú síðustu þrjú árin hefur hann hins vegar ekki fengist til að gera skil á greiðslum þrátt fyrir margítrekuð tilmæli. Það kom líka í ljós, þegar málshöfðun þessi var í undirbúningi, að hlutabréf stefnanda í Sameinuðum verktökum og eignarhluti í Dverghömrum hafa nú verið skráð á nafn stefnda hjá þessum félögum. Sú skráning er með öllu ólögmæt, enda styðst hún ekki við neinar eignarheimildir stefnda. Er ekki upplýst, hvernig nafnskráning þessi hefur orðið, en á allan hátt er hún heimildarlaus og ekki gerð í góðri trú stefnda. Eins og mál hafa nú þróast, er stefnanda því sá einn kostur fær að leiða málið til lykta með málshöfðun.

Vísað er til málavaxtalýsingar hér að framan til rökstuðnings stefnukröfum. Þá er vísað til skiptagerðarinnar í dánarbúi Ragnars Bárðarsonar frá árinu 1984, en með henni öðlaðist stefnandi eignarrétt yfir þeim verðmætum, sem hér er krafist heimtu á úr hendi stefnda, sbr. reglur erfða- og eignarréttar. Þá er vísað til gagna frá Sameinuðum verktökum hf. og Dverghömrum sf., sem lögð verða fram í málinu og staðfesta, að stefndi hefur tekið við þeim peningum frá þessum félögum, sem hér er verið að krefja hann um greiðslu á. Þá skal bent á, að stefndi hefur ætíð aðeins verið vörslumaður hinna umstefndu verðmæta f. h. stefnanda og litið á sig sem slíkan. Það staðfesta reglubundin skil hans á greiðslum til stefnanda vegna Sameinaðra verktaka og Dverghamra, frá því að búskiptin fóru fram og allt fram til 25. júlí 1990. Loks er vísað til reglna fjármunaréttar, þar á meðal reglna um skilaskyldu á þeim verðmætum, sem maður hefur í vörslu sinni fyrir hönd annars manns. . .

Við þingfestingu verður m. a. lögð fram skiptagerðin frá 1984 ásamt erfðafjárskýrslu, staðfestingar frá Sameinuðum verktökum hf. og Dverghömrum sf. um greiðslur, sem stefndi hefur fengið frá og með árinu 1991 vegna þess eignarhluta í félögunum, sem komu í hlut stefnanda og bróður hennar við dánarbússkiptin, ljósrit af ávísunum vegna þessara greiðslna, sem stefndi hefur framselt og innleyst sjálfur, svo og frekari gögn, sem málið varða."

V.

Stefndi reisti sýknukröfu sína á því, að hann hefði með kaupsamningi árið 1992 eignast hlutabréf stefnanda í Sameinuðum verktökum hf. og því ekki unnt að dæma hann til að skila þeim, þar sem hlutabréfin væru nú eign hans. Þessi kaupsamningur hafi verið munnlegur, en ákveðið hafi verið endanlega og án skilyrða, að stefndi fengi keypt hlutabréf stefnanda. Þá beri einnig að sýkna stefnda af endurgreiðslukröfu stefnanda, sem niður sé fallin fyrir tómlætis sakir. Þá segir í greinargerð stefnda: „Að auki er kröfu þessari mótmælt sem allt of hárri, bæði höfuðstól og dráttarvöxtum, svo og upphafstíma dráttarvaxta. Telur stefndi, að greiða eigi innlánsvexti á fjárhæð þessa, ef hún á annað borð verður tekin til greina. Fari svo, verður að draga frá skattgreiðslur stefnda af arðgreiðslum og lækkun hlutafjár, en þar er um að ræða verulegar fjárhæðir."

VI.

Undir rekstri málsins kom í ljós, að hin umdeildu hlutabréf voru í vörslu Benedikts Sveinssonar hrl., er undirritaði skiptagerðina í dánarbúi Ragnars Bárðarsonar fyrir hönd Ásrúnar Ragnarsdóttur. Um fund bréfanna segi svo í bókun lögmanns stefnanda 1. mars 1995:

„Hlutabréf í Sameinuðum verktökum hf., að skráðu nafnverði 1984 35.200 kr. Benedikt Sveinsson hrl. staðfesti í símtali við undirritaðan 28. febrúar 1995, að hlutabréf skráð á nafn Ragnars heitins Bárðarsonar, að nafnverði 660.000 gamlar kr., væru í sinni vörslu, en þetta eru bréfin, sem Sameinaðir verktakar hf. staðfesta á dómskjali nr. 8 sem eign Ragnars heitins 30. desember 1980. Síðan voru gefin út jöfnunarbréf, sem hafa ekki verið sótt, og með þeim var heildarhlutabréfaeign dánarbúsins 140.800 kr., þegar dánarbússkiptin fóru fram 1984. Stefnandi er eigandi að 1/3 hluta þessara bréfa, þar sem helmingur af bréfum Ásrúnar Ragnarsdóttur hefur verið seldur, og mun undirritaður ásamt Benedikt Sveinssyni sjá um, að þeim verði skipt fyrir ný. . ."

Einnig upplýstist í rekstri málsins, hvernig á því stóð, að bréfin voru skráð á nafn stefnda í máli þessu, en í bréfi lögmanns Sameinaðra verktaka hf., Péturs Guðmundarsonar hrl., dags. 17. 1. 1995, segir:

„Við athugun á gögnum Sameinaðra verktaka hf. kemur í ljós, að mistök hafa orðið við skráningu hlutabréfaeignar Ragnars Bárðarsonar og erfingja hans. Þannig var hlutabréfaeign db. Bárðar Ragnarssonar í hlutaskrá félagsins réttilega færð á nafn dánarbúsins 1984, og stóð þannig fram til ársins 1986. Þá varð sú breyting, að nafn Bárðar Ragnarssonar var fært á hlutaskrána sem umboðsmanns dánarbúsins og stóð til ársins 1988. Það ár var

hluti af hlutabréfum Ragnars Bárðarsonar fyrir mistök skráður á nafn Bárðar Ragnarssonar og stóð þannig í gögnum félagsins til ársins 1994, þegar Árni Grétar Finnsson hrl. hafði samband við félagið og lagði fram fullgilda sönnun um eignarheimildir að hlutabréfum þeim, sem áður voru skráð á nafn Ragnars Bárðarsonar. Því var í hlutaskrá gerð leiðrétting á grundvelli einkaskiptagerðar á búi Ragnars Bárðarsonar, sem dagsett er 23. nóvember 1984. . .

Frekari gögn hafa ekki fundist hjá Sameinuðum verktökum um mál þetta, en tekið skal fram, að sá aðili, er sá um viðhald og skráningu hlutaskrár félagsins á þeim tíma, sem hér um ræðir, er nú látinn. . ."

Þá er hér var komið, tók málið þá stefnu, er að lokum leiddi til áðurgreindrar sáttar um greiðslu stefnda á höfuðstól stefnukröfu, en tildrög sáttarinnar skýrast í bréfi lögmanns stefnda til lögmanns stefnanda, dags. 14. mars 1995, sem hljóðar svo:

„Ég vísa til viðræðna okkar í réttarhaldi í ofangreindum málum sl. föstudag. Í réttarhaldi þessu lögðuð þér fram ýmis gögn, þ. á m. hlutabréf þau, sem Bárður er krafinn um í stefnum málanna. Ljóst er, að bréfin hafa alla tíð verið í vörslum Benedikts Sveinssonar hrl., sem hefur varðveitt bréfin í umboði Bárðar, enda komu hlutabréfin ekki í hlut Bárðar við erfingjaskiptin 1984. Er óskiljanlegt, að ekki skuli áður hafa verið gerðar ráðstafanir til að nálgast bréfin hjá Benedikt.

Ég taldi yfir allan vafa hafið, er ég las stefnur í málunum og kynnti mér fram lögð gögn yðar, að hlutabréfin væru í vörslum Sameinaðra verktaka hf., enda kemur fram, að félagið hefur a. m. k. tvívegis breytt nafnskráningu í hlutaskrá sinni, en það taldi ég ekki hægt nema hafa vörslur frumrita hlutabréfanna. Ljóst er, að hlutafélagalög gera ráð fyrir, að hlutabréf séu árituð eins og hver önnur viðskiptabréf um framsöl, svo að þessar nafnbreytingar Sameinaðra verktaka hf. eru allar löglausar. Einnig er ljóst, að hlutabréf þau, sem þér lögðuð fram sl. föstudag, eru ekki árituð af skiptaráðanda um erfingjaskiptin 1984, svo að ekki er fram komin lögfull sönnun um, að umbjóðendur yðar eigi þessi bréf, enda er ekki getið um númer hlutabréfanna í stefnum. Ég tel því, að til þess að halda málunum áfram verði að krefjast viðurkenningar á eignarrétti bréfanna, og þar sem það hefur ekki verið gert, beri að vísa málunum frá dómi og þá einnig vegna óljóss málatilbúnaðar samkvæmt stefnum. Haldi málin áfram, mun ég því aðallega krefjast frávísunar þeirra, en til vara sýknu, og verður sýknukrafan aðallega studd aðildarskorti, sbr. 2. tl. 16. gr. laga nr. 91/1991. Tel ég yfir allan vafa hafið, að þér eigið að beina kröfum yðar um arð og hlutafjárlækkun að Sameinuðum verktökum hf., enda liggur nú fyrir, að það er þeirra sök,

hvernig komið er málum, sbr. meðfylgjandi bréf lögmanns félagsins, dags. 17. janúar 1995, þar sem viðurkennd eru mistök félagsins. Ég árétta það, sem ég hef margsinnis sagt yður, að Bárður tók við arðinum og lækkun hlutafjár í fullkomlega góðri trú, ekki einu sinni og ekki tvisvar, heldur sex sinnum á árunum 1991, 1992, 1993 og 1994, án þess að nokkur gerði við það athugasemdir og þá ekki þér f. h. stefnenda málanna. Athugasemdir voru ekki einu sinni gerðar, eftir að Bárður tók við 1.980.000 kr. vegna hlutafjárlækkunar 20. janúar 1992. Bárður hafði því fulla ástæðu til að ætla, að hann hefði eignast hlutabréfin og örugglega arð og greiðslur vegna lækkunar hlutafjár, og mun vísa til þess, ef málin halda áfram.

Ég hef átt fund með Bárði um mál þessi, eftir að grundvallargögn málsins voru loks lögð fram sl. föstudag. Ég minni á, að samkv. stefnum er Bárður krafinn um afhendingu bréfanna. Í réttarhaldi í febrúar sl. lýstuð þér yfir, að þér telduð hlutabréfin glötuð og að höfðað yrði ógildingarmál vegna þeirra. Sl. föstudag lögðuð þér svo bréfin fram eða ljósrit þeirra, eftir að hafa fengið þau hjá Benedikt Sveinssyni. Er þess naumast að vænta, að leikmenn skilji slíkan málatilbúnað. Bárður telur ótvírætt, að hann hafi eignast þessi hlutabréf og þar með allar arðgreiðslur, og tel ég, að atburðarásin og tómlæti stefnenda styðji eindregið frásögn hans. Hitt virðist ljóst, að Bárð skortir skjalfestar heimildir fyrir eignarrétti sínum að hlutabréfunum. Hann kann því einnig að verða illa sakaður um óráðvandlegt atferli í þessu máli. Af þeim sökum hefur Bárður ákveðið að bjóða fram eftirfarandi sátt í þessum málum. Ég tek fram, að sáttartillaga þessi er án nokkurrar viðurkenningar á málsástæðum yðar í dómsmálunum, og er ástæðan fyrir þessari sáttartillögu sú ein, að Bárður vill losna við þetta leiðindamál. Sáttartillagan er sem hér segir:

Bárður endurgreiðir Sameinuðum verktökum hf. það, sem hann hefur fengið í arð og hlutafjárlækkun frá Sameinuðum verktökum hf. á árunum 1991-1994, samtals 3.250.280 kr., að frádregnum skattgreiðslum hans til ríkissjóðs vegna þessara greiðslna, sem eru ca. 40% af greiðslunum. Jafnframt framselur Bárður Sameinuðum verktökum hf. skattendurgreiðslukröfur, sem hljóta að stofnast á hendur ríkissjóði vegna þessa uppgjörs. Sameinaðir verktakar hf. geta síðan innheimt ofangreidda skatta og farið skaðlausir frá máli þessu, en félagið á nú þegar í umfangsmiklum málaferlum gegn ríkissjóði vegna hlutafjárlækkunar. Mál þau, sem þér hafið höfðað gegn Bárði f. h. Jóns Jónssonar og Þóreyjar Jónsdóttur, verði samhliða uppgjöri þessu felld niður.

Hugsunin með þessari sáttartillögu er vitaskuld sú að tryggja, að allir fari skaðlausir frá þessu uppgjöri. Er þetta í raun eina leiðin til þess, því að

réttarstaða Bárðar gagnvart ríkissjóði er óljós, ef hann greiðir umbjóðendum yðar arðinn og hlutafjárlækkunina. Ég gef mér, að Sameinaðir verktakar hf. muni þegar í stað greiða yður f. h. umbjóðenda yðar arðgreiðslur og hlutafjárlækkun gegn framvísun hlutabréfanna. Svo sem ég hef greint yður frá, tel ég, að félaginu sé lögskylt að gera það, hvort eð er, en samkvæmt þessari sáttartillögu á félagið að geta farið skaðlaust frá þessu máli, en það ber að mínum dómi mikla ábyrgð á því, hvernig komið er málum.

Mér er ljóst, að frá þessu uppgjöri verður ekki gengið nema í samráði við Sameinaða verktaka hf. Ég hef ekki rætt þetta við félagið og sé ekki ástæðu til þess að gera svo, fyrr en ég heyri viðbrögð yðar við þessari tillögu. Ég vænti þess, að þér kannið afstöðu félagsins, ef þér ætlið að skoða þessa tillögu frekar, sem ég hlýt að ætla, að þér gerið, enda er hún örugglega umbjóðendum yðar fyrir bestu. Ég árétta, að engin viðurkenning felst í þessu tilboði á málsástæðum yðar í dómsmálunum."

Stefndi telur, að hann hafi með bréfi þessu sýnt slíkt frumkvæði um sáttargjörð, frumkvæði, sem árangur hafi orðið af, að það eigi með öðru, þ. á m. gölluðum málatilbúnaði stefnanda, sem lagði margnefnd hlutabréf ekki fram við þingfestingu, að leiða til þess, að málskostnaður verði felldur niður.

Álit réttarins.

Svo sem að framan er rakið, mótmælti lögmaður stefnda í greinargerð sinni vaxtakröfu stefnanda, bæði upphafstíma vaxta og taldi, að greiða bæri innlánsvexti, en ekki dráttarvexti, ef höfuðstóll stefnukröfu yrði á annað borð tekinn til greina að einhverju eða öllu leyti. Hefur stefndi haldið fast við þessi mótmæli, þótt sátt kæmist á um, að hann greiddi stefnanda höfuðstól stefnukröfu að fullu.

Ekki er fram komið í málinu, að stefndi hafi tekið í góðri trú við fjármunum þeim, er um ræðir í máli þessu. Á hinn bóginn er til þess að líta, að það verður að teljast tómlæti af hálfu stefnanda að skilja umrædd hlutabréf eftir í vörslu Benedikts Sveinssonar hrl., er skiptameðferð á dánarbúi Ragnars Bárðarsonar lauk 23. 11. 1984, og láta ekki færa hluti á sitt nafn hjá hlutaðeigandi félögum. Enn fremur var það tómlæti af hálfu stefnanda að láta hjá líða að kanna, af hverju það stafaði, að greiðslur til hans féllu niður frá og með 2. 4. 1991, þar til lögmaður hans ritaði Sameinuðum verktökum hf. fyrirspurnarbréf 4. 11. 1993.

Kröfubréf lögmanns stefnanda til stefnda er dagsett 10. 12. 1993.

Að þessu athuguðu dæmast almennir vextir skv. 5. gr. vaxtalaga til 10. 1. 1994, en dráttarvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður ákveðst 270.000 kr.

Már Pétursson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Bárður Ragnarsson, greiði stefnanda, Árna Grétari Finnssyni hrl. f. h. Þóreyjar Jónsdóttur, almenna vexti skv. 5. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 af 109.610 kr. frá 2. 4. 1991 til 13. 12. 1991, af 126.270 kr. frá þeim degi til 20. 1. 1992, af 1.116.270 kr. frá þeim degi til 1. 6. 1992, af 1.126.980 kr. frá þeim degi til 5. 8. 1992, af 1.178.130 kr. frá þeim degi til 19. 5. 1993, af 1.435.550 kr. frá þeim degi til 10. 1. 1994, en dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga af sömu fjárhæð frá þeim degi til 24. 2. 1994, af 1.681.070 kr. frá þeim degi til 20. 5. 1994 og af 1.682.962,50 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Framangreindir vextir reiknast af samanlögðum höfuðstól og áföllnum vöxtum þannig, að vextir leggist á 12 mánaða fresti við þann hluta höfuðstóls skuldarinnar, sem stefndi hefur þá fengið fyrir 12 mánuðum eða meira, það er í fyrsta sinn ofan á 109.610 kr. höfuðstól 1. 6. 1992, á 126.270 kr. höfuðstól 1. 6. 1993, á 1.126.980 kr. höfuðstól 1. 6. 1994 og síðan á allan höfuðstól skuldarinnar, 1.692.962,50 kr. árlega þann dag, þar til skuldin er að fullu greidd, og verði vextir í hvert framangreint skipti reiknaðir af samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og áfallinna vaxta.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað, að fjárhæð 270.000 kr.